



Fundargerð

382. fundur í hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, haldinn miðvikudaginn 13.febrúar 2008, á skrifstofu Tálknafjarðhrepps kl. 17.00.

Fundinn sátu :

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðni J. Ólafsson, Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Bragi Geir Gunnarsson, Birna Benediktsdóttir og Ása Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði : Ása Jónsdóttir

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Gengið til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá

1. **Fundargerðir nefnda.**
 - a) Fundargerð skólanefndar dags. 17.janúar 2008
Samþykkt samhljóða
 - b) Fundargerð bygginga-, skipulags og umhverfisnefndar dags. 7.febr.2008
Samþykkt samhljóða
2. **Þriggja ára fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans árin 2009-2011, - fyrri umræða.**

Vísað til annarar umræðu samhljóða.
3. **Trésmiðjan Eik, bréf dags. 18.janúar 2008.**
 - Umsókn um lóðir.
 - Erindinu vísað til bygginga-skipulags-og umhverfisnefndar.
4. **Fjárlaganefnd Alþingis, bréf dagsett 25.janúar 2008.**
 - Skólabúðir
 - Samþykkt að vísa verkefninu til atvinnumálanefndar með það í huga að stofnaður verði starfshópur til frekari úrvinnslu.
5. **Samgöngunefnd Alþingis, bréf dagsett 17.janúar 2008.**
 - Umsögn um frumvarp, 292.mál.
 - Samþykkt að engin umsögn verði send.
6. **Siglingastofnun, bréf dagsett 31.janúar 2008.**

Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar, þann 12. Mars.
7. **Undirbúningshópur vegna svæðaskipulags, bréf dagsett 1.febrúar 2008.**
 - Bréf til Lilju Magnúsdóttur, fulltrúa Tálknafjarðarhrepps í hópnum.
 - Oddvita falið að upplýsa fulltrúa Tálknafjarðarhrepps um þær umræður sem fram fóru. Samþykkt samhljóða.
8. **Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis, bréf dagsett 24.janúar 2008.**

RTS
GEO



- Umsögn um frumvarp, 272.mál.
Samþykkt að engin umsögn verði send.
- 9. Breiðafjarðarfléttan, bréf dagsett 4.febrúar 2008.**
Samþykkt að vísa erindinu til samráðsnefndar.
- 10. Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 á Íslandi, bréf dagsett 18.janúar 2008.**
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða Ólafsvíkuryfirlýsinguna. Oddvita falið að tilkynna þann gjörning til Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 á Íslandi.
- 11. Bréf frá nemum í þroskaþjálfun, bréf dagsett 14.janúar 2008.**
Samþykkt samhljóða að fela oddvita að svara bréfinu.
- 12. Sögufélag Barðastrandarsýslu, bréf dagsett 31.janúar 2008.**
Samþykkt að vísa erindinu til samráðsnefndar.
- 13. Landvernd, bréf dagsett 4.febrúar 2008.**
Samþykkt að athuga með umsókn á næsta ári.
- 14. Hafstraumar, tölvupóstur dagsettur 11.janúar 2008.**
Samþykkt að styrkja verkefnið með 80 þúsund krónum.
- 15. Ástand pósthlutningsmála í Tálknafjarðarhrepp.**
Meirihluti hreppsnefndar leggur fram eftirfarandi tillögu:
" Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps lýsir þungum áhyggjum af því ástandi sem verið hefur á pósthlutningsmálum frá áramótum. Afhendingartími pósts er óásættanlega langur sem hefur mikil óþægindi í för með sér fyrir einstaklinga og fyrirtæki í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hvetur Íslandspóst hf. til þess að fara yfir þessi mál í heild sinni."
Samþykkt samhljóða.
- 16. Samgöngumál, staða og horfur.**
Eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:
" Frá árinu 1997 hefur verið í gildi stefnumörkun sveitarfélaganna á Vestfjörðum um forgangsröðun í samgöngumálum fjórðungsins, árið 2004 var sú stefnumörkun endurskoðuð og samþykkt. Nú stendur yfir endurskoðun á þessari forgangsröðun og er stefnt á að ljúka þeirri vinnu á vordögum 2008. Sveitarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur og Reykhólahreppur hafa staðið sem einn maður að stefnumörkun sveitarfélaganna, þrátt fyrir breytingar á áherslum og forgangsröðun verkefna. Í ljósi ástands á Súðavíkurhlíð og kröfu sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum um Súðavíkurgöng, vill hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps koma á framfæri fullum skilningi á aðstæðum þeim er skapast á Súðavíkurhlíð á vetrum, enda íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum búið við slæmar vegasamgöngur um langa hríð.

Þá vill hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps vekja athygli á því að ekki hefur verið samþykkt á Fjórðungspingi að stefna beri að jarðgöngum milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar og hvetur sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum til að leyfa nefndinni sem skipuð var til að endurskoða stefnumörkun í samgöngumálum fjórðungsins að ljúka sinni vinnu "

17. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra.

RIS
GLO



Kynntir ráðningarsamningar við sameiginlegan slökkviliðstjóra Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og verkefnastjóra Vestur-Barðastrandasýslu.

Ársskýrsla leikskólans að Vindheimum fyrir árið 2007 lögð fram til kynningar. Kynnt dreifmenntaverkefnið.

Lokið hefur verið við álagningu fasteignagjalda, sem nema 17,3 milljónum. Staða starfsmannamála rædd.

Lagt fram :

- 18. Samband íslenskra sveitarfélaga, bréf dagsett 6.febrúar 2008.**
Landsþing 4.apríl 2008
Lagt fram til kynningar.
- 19. Landgræðsla ríkisins, bréf dagsett 4.febrúar 2008.**
Lagt fram til kynningar.
- 20. Félagsmálaráðuneytið, bréf dagsett 7.janúar 2008.**
 - Uppreiknuð tekju- og eignamörk vegna félagslegra leiguíbúða.Lagt fram til kynningar.
- 21. Félagsmálaráðuneytið, bréf dagsett 7.janúar 2008.**
 - Húsaleigubætur – uppreiknuð eignamörk.Lagt fram til kynningar.
- 22. Félagsmálaráðuneytið, bréf dagsett 4.janúar 2008.**
 - Barnavernd, ráðstefna.Lagt fram til kynningar.
- 23. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, bréf dagsett 14.janúar 2008.**
 - Listi yfir fyrirtæki sem hafa fengið eftirlit 2007.Lagt fram til kynningar.
- 24. Samband íslenskra sveitarfélaga, bréf dagsett 18.janúar 2008.**
 - Fundargerð 750.fundar stjórnar.Lagt fram til kynningar.
- 25. Ungmennafélag Íslands, bréf dagsett 15.janúar 2008.**
Lagt fram til kynningar.
- 26. Verkefnaáætlun Minjasafns Egils Ólafssonar fyrir árið 2008.**
Lagt fram til kynningar.
- 27. Fjórðungssamband Vestfirðinga, bréf dagsett 29.janúar 2008.**
 - Fundargerð stjórnarfundar 22.janúar 2008.Lagt fram til kynningar.
- 28. Samband íslenskra sveitarfélaga, bréf dagsett 29.janúar 2008.**
 - sveitarstjórnarlögin með skýringum.Lagt fram til kynningar.
- 29. Fjórðungssamband Vestfirðinga, bréf dagsett 11.janúar 2008.**
 - 52.fjórðungsþing, ályktanir þingsins.Lagt fram til kynningar.
- 30. Samband íslenskra sveitarfélaga, bréf dagsett 30.janúar 2008.**
 - endurgreiðsla VSK.Lagt fram til kynningar.

Handwritten initials/signature



Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19.45

Eyrún Ingibj. Sigþórsd.
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Guðni J. Ólafsson
Guðni J. Ólafsson

Bjarnveig Guðbr.
Bjarnveig Guðbrandsdóttir

Bragi Geir Gunnarsson
Bragi Geir Gunnarsson

Birna Ben
Birna Benediktsdóttir

Ása Jónsdóttir
Ása Jónsdóttir